

Hérna er skýrslan okkar

"Þetta árið var það fyrsta sem við leyfðum unglingum á aldrinum 15-17 ára að keyra, bæði á æfingum og á keppnum. Það var ekki jafn mikill áhugi hjá þessum aldurshópi og við vorum að vonast eftir en aðeins þrír unglingar keyrðu í ár og þar af voru aðeins 2 sem kepptu. Okkur grunar að þetta sé ekki endilega áhugaleysi heldur frekar að þetta hafi ekki verið nógu vel auglýst. Við vonum að á næsta ári munu fleiri bætast við í hópinn og við ætlum að reyna að auglýsa þetta betur.

Keppnistímabilið var aðeins rólegra en það hefur verið undanfarin ár en það voru aðeins þrjár Íslandsmeistara keppnir árið 2022, tvær hjá AÍH og ein hjá KK. Þess má rekja til nýrrar stjórnar í Driftdeildum AÍH og KK. Gekk þó vel hjá báðum stjórnnum að halda keppnir og æfingar.

Á þessu keppnistímabili voru sömu þrír staðreyndardómarar á fyrstu tveimur keppnum ársins en einn þeirra komst ekki á seinustu keppnina og var þá fenginn annar í hans stað. Það var rosalega gott fyrir sportið að hafa sömu dómara yfir allt keppnistímabilið. Klárlega eitthvað sem við viljum sjá aftur næsta keppnistímabil.

Það myndi hjálpa sportinu verulega ef að staðreyndardómarar fengu að sitja drift-dómaranámskeið, það ætti að vera framarlega í forgangs röðinni til þess að gera sportið betra og lyfta því á hærra plan."

Kveðja,

Jökull Ýmir Guðmundsson

AÍH